



## Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð.

6. fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í félagsheimilinu Borg, þriðjudaginn 12. september 2023 kl. 18:00.

Fundinn sátu:

Jakob Guðnason, formaður

Dagný Davíðsdóttir

Anna Katarzyna Wozniczka í fjarfundi

Guðrún Ása Kristleifsdóttir, heilsu- og tómsundafulltrúi

Elín Lára Sigurðardóttir heilsueflandi samfélag

Sigríður Þorbjörnsdóttir heilsueflandi samfélag

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Dagný Davíðsdóttir

#### 1. Heilsueflandi samfélag.

*Guðrún Ása fór yfir stöðuna varðandi heilsueflandi samfélag, veitt voru hvatningarverðlaun til blakliðs UMF Hvatar. Hreyfing og útivera er þemað sem tekur við um áramót. Mánaðarlegar gönguferðir fyrir 60 ára og eldri verða farnar á áhugaverðum stöðum í sveitarfélaginu. Ratleiks skiltin verða tilbúin vonandi fyrir vetrarfrí, Guðrún Ása kemur þeim fyrir á nokkrum stöðum og auglýsir á heimasíðu GOGG. Haldin verða stafgöngu og skriðsundsnámskeið sem hluti af íþróttaviku Evrópu.*

#### 2. Ungmennaráð.

*Tilnefna þarf ungmenni í ungmennaráð Grímsnes og Grafningshrepps, Guðrúnu Ásu falið að hafa samband við ungmenni á aldrinum 16-18 ára og kanna vilja þeirra til að taka þátt í ungmennaráði, einnig er Guðrúnu Ásu falið að tilnefna ungmenni á unglingastigi Kerhólsskóla í ungmennaráðið.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 19:00